

Eskja hf.
Strandgata 39
735 Eskifirði

Reykjavík, 16.3.2022
UST202102-439/F.T.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 30. desember 2021 þar sem óskað var eftir tímasettrar úrbótaáætlunar vegna sex frávíka sem skráð voru í eftirliti í fiskimjölsverksmiðju Eskju hf. á Eskifirði þann 30. september 2021. Úrbótaáætlun barst stofnuninni þann 9. mars 2022.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Frávik frá kröfum í gr. 2.17 í starfsleyfi. *Niðurstöður frárennslismælinga sem gerðar voru í mars 2020 sýndu að COD væri of hátt. Ekki hefur verið gerð önnur mæling á árinu, sbr. grein 3.2 í starfsleyfi, og ekki vitað til þess að einhverjar útbætur hefðu verið gerðar á búnaðinum eftir mælinguna. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur frárennslismæling á loðnuvertíð verið framkvæmd. Skýrsla hefur verið send til stofnunarinnar. Nettó losun reyndist undir starfsleyfismörkum. Frárennslismæling verður endurtekin í sumar á makrílvertíð. Ráðgert er að endurnýja rör fyrir inndælingu á sjó. Sjór er nýttur til kælingar í fiskimjölsverksmiðju. Rör verður sett lengra út í fjörðinn. Stefnt er að auka unnið þurrefni úr frárennsli hjá Eskju á árinu. Hreinsunarkari verður bætt við á árinu. Áætluð verklok vegna framlengingar á röri er 1. október 2022. Áætluð verklok vegna uppsetningar á hreinsunarkari er 15. júlí 2022.*
2. Frávik frá kröfum í gr. 5.2 í starfsleyfi. *Heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli verksmiðjunnar er ekki lokið. Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur frma að stefnt sé að mælingu á síld og kolmunna á árinu 2023. Á árinu 2022 verður makrílmælingu bætt við, sjá umfjöllun um frávik nr. 1. Áætluð verklok eru fyrir 1. nóvember 2023.*
3. Frávik frá kröfum í gr. 4.1 í starfsleyfi. *Umhverfismarkmið fyrirtækisins skulu endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að ráðgert sé að koma á fót umhverfistjórnunarkerfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Eskju þar sem verður komið til móts við kröfur laga og reglugerða á Íslandi. Þar verða sett inn endurskoðuð umhverfismarkmið. Áætluð verklok eru 30. maí 2022.*
4. Frávik frá ákvæði í gr. 4.4 í starfsleyfi. *Viðbragðsáætlun fyrirtækisins þarf að uppfæra. Viðbragðsáætlun hefur verið send stofnuninni og telst frávikinu lokið.*
5. Frávik frá ákvæði í grein 4.5 í starfsleyfi. *Mengunaróhapp var ekki tilkynnt til eftirlitsaðila þegar þéttir í dælu í sodkjarnataeki í verksmiðjunni bilaði sem varð til þess að talsvert af sodi fór í sjóinn. Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að stefnt sé að frekara eftirliti með dælum og öðrum búnaði. Framangreint verði sett inn í innra eftirlit umhverfisstjórnunarkerfis. Upplýsingagjöf til yfirvalda verði bætt strax. Áætluð verklok vegna innra eftirlits eru 31. maí 2022.*

- Frávik frá ákvæðum í gr. 20.1 og 20.2 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á fimm ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar lýsislagnir og allar löndunarlagnir fyrir lýsi og olíu. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að mælingu sé lokið en beðið sé eftir skriflegri staðfestingu. Áætluð verklok eru 20. mars 2022.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur